

Mótvægisjóður velferðarvaktarinnar

Verkefni : Styrking handleiðslu á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar

Styrkþegi: Skrifstofa Velferðarsviðs - Mannauðsþjónusta

Samantekt

Markmið verkefnisins var að efla handleiðslu til starfsfólks sem sinnir ráðgjöf og þjónustu til notenda velferðarþjónustu, á þjónustumiðstöðvum borgarinnar og hjá Barnavernd Reykjavíkur. Vegna breyttra efnahagsaðstæðna hafði dregið mjög úr fjármagni til handleiðslu árin 2009 og 2010 og því hafði ekki reynst unnt að mæta þörf starfsfólks fyrir handleiðslu, nema að mjög takmörkuðu leyti. Styrkurinn var áætlaður til að (a) styrkja handleiðslu innan sviðs með því að halda námskeið um handleiðslu fyrir sérfræðinga sem starfa við sviðið og (b) fjármagna handleiðslu sem sótt er til sérfræðinga utan sviðs.

Eins og ráð var fyrir gert lagði Velferðarsvið til 2 milljónir kr. til verkefnisins, þó framlag Mótvægisjóðs Velferðarvaktarinnar hefði verið minna en sótt var um, ein milljón í stað tveggja. Heildarupphæð verkefnisins var því þrjár milljónir í stað fjögurra. Margar starfseiningar nýttu fjármagnið meira í hóphandleiðslu til að það nýttist sem flestum.

Námskeið um handleiðslu til sérfræðinga innan Velferðarsviðs var haldið 21. og 28. september og eftirfylgnitímar í nóvember 2010. Á tímabilinu október 2010 til loka ágúst 2011 fóru í heildina 24 einstaklingar í einkahandleiðslu til sérfræðinga utan sviðs, í samtals 164 tíma, meðalfjöldi tíma pr. einstakling var 6,8 tímar. Í hóphandleiðslu fóru samtals 89 einstaklingar, í samtals 34 tíma, allt frá einum til tíu tíma hver hópur.

Project: Strengthening of professional supervision at the Department of Welfare, City of Reykjavik.

Grantee: City of Reykjavik, Department of Welfare -Human resources department

Abstract

The goal of the project was to strengthen professional supervision for employees who provide counseling and welfare services at the city of Reykjavik's service centers and child protection services. Due to the economic situation, funds for professional supervision had been cut markedly in the years 2009 and 2010, thus making it impossible to meet the needs of employees for supervision. The grant was ment to (a) strengthen supervision between employees, by offering a course in supervision for the experts on supervision within the Department of Welfare and (b) funding supervision sought to experts outside the department.

As planned, the Department of Welfare contributed two million ISK, although the fund's contribution had been less than was applied for, one million instead of two. The sum becoming three million instead of four. Many departments used the grant more for group- rather than individual supervision in order for it to become of use for more people.

A supervision course was held on the 21. and 28. of september, and follow up sessions in november of 2010. In the period of oktober 2010 to august 2011, 24 individuals sought individual supervision outside the department, for a total of 164 sessions. The median being 6,8 sessions pr. individual. Eighty-nine employees sought group supervision, for a total of 34 sessions, from one to ten sessions each group.